


Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í júlí 2017

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 9. ágúst 2017.

Akureyri.

Í júlí voru 10 dagar þar sem úrkoma mældist í einhverju magni á Akureyri og var úrkomumagnið í heild aðeins 60% af meðaltali. Heildarfrjöldi frjókorna reyndist því mjög hár eða 2053 frjó/m³, sem er miklu herra en í meðalári, en meðaltal síðustu ára er 895 frjó/m³. Síðan mælingar hófust á Akureyri árið 1998 hafa frjókorn aðeins einu sinni mælst svo mörg, en það var árið 2014. Langflest frjókornanna voru grasfrjó enda var frjótími þeirra í hámarki í mánuðinum. Fari frjótölur yfir 10–20 frjó á einum degi má búast við að ofnæmiseinkenna verði vart en það er þó einstaklingsbundið, einnig sem nálægð við blómstrandi gras skiptir máli. Á Akureyri mældust grasfrjó í lofti hvern einasta dag júlímánaðar og fór frjótala þeirra 22 sinnum yfir 10 frjó/m³. Þá fór frjótalan sjö sinnum yfir 50 frjó/m³ þar sem mjög mikil hætta er á að einkenna verði vart. Næstsíðustu vikuna í júlí, 20.–27. júlí, var einstaklega þurr á Akureyri, sólin var lofti alla daga og svolítill vindur. Á þannig dögum skapast einstaklega góðar aðstæður fyrir frjókorn að koma sér á loft og fóru grasfrjókorn fjórum sinnum yfir 100 frjó/m³, sem er mjög mikið. Frjótíma grasa er alls ekki lokið en mun að öllum líkindum ljúka næsta mánuðinn.




Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júlí á Akureyri. Frjó voru á lofti allan mánuðinn. Mest var af frjóum vikuna 20.–27. júlí og fór frjótalan þá fjórum sinnum yfir 100 frjó/m³. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



Garðabær.

Í Reykjavík mældist einhver úrkoma 20 daga júlímánaðar. Heldur minna mældist af frjókornum í Garðabæ en í meðalári. Heildarfrjöldi þeirra reyndist 569 frjó/m³ en meðaltal júlímánaðar síðustu ára er 949 frjó/m³. Langflest frjókornanna voru grasfrjó, 436 frjó/m³, enda var frjótími grasa í fullum gangi þennan mánuðinn og stendur enn. Í Garðabæ fór frjótala grasa fór alls 20 sinnum yfir 10 frjó/m³, en þá er nokkur hættu á að ofnæmiseinkenna verði vart, og sjö sinnum yfir 20 frjó/m³. Aðeins tvisvar fór hún rétt yfir 50 frjó/m³ en við þau mörk er mjög mikil hættu á ofnæmiseinkennum. Þann 9. júlí mældist frjótalan 52 frjó/m³ og þann 28. júlí mældist hún 54 frjó/m³. Flest frjóin mældust síðustu vikuna í júlí enda var þá mjög þurrt á höfuðborgarsvæðinu. Frjótíma grasa er alls ekki lokið en mun að öllum líkindum ljúka næsta mánuðinn.



Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júlí í Garðabæ. Grasfrjó mældust allan mánuðinn en aðeins tvisvar yfir 50 frjó/m³. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Garðabær, 9. ágúst 2017

Gunnhildur Ingibjörg Georgsdóttir

Netfang gunnhildur@ni.is
www.ni.is

